

Reykjavík 24.2.2022

Fjarskiptahópur Ský, skýrsla stjórnar starfsárið 2021/2022

Aðalfundur hópsins var venju samkvæmt haldin samhliða aðalfundi Ský þann 25.02.2021. Sitjandi stjórn gaf kost sér til endurkjörs og var endurkjörin. Í stjórn voru eftirfarandi aðilar: Jón Ingi Einarsson, Jón Finnbogason, Elmar Freyr Torfason, Theodór Steinþórsson, Gunnar Ólafsson, Gunnar Hreinsson og Bergur Þórðarson. Starf hópsins var hefðbundið fram eftir ári. Í fjarskiptahópnum eru í dag 169 meðlimir, sem er tæplega 10% fjölgun á milli ára. Hafa meðlimir hópsins aldrei verið fleiri, hefur markmið síðasta árs að vinna okkar töpuðu meðlimi ársins á undan til baka tekist og gott betur en það, en við munum að sjálfsögðu halda áfram að reyna að veiða nýja meðlimi.

Stjórn hópsins hefur reynt hittast að jafnaði einu sinni í mánuði, utan undirbúningsfunda vegna hádegisfyrirlestra sem hafa verið allnokkrir og þá hafa fjarfundir hjálpað starfi stjórnar hópsins mikið. Þetta höfum við verið að gera til að skiptast á skoðunum varðandi málefni tengd fjarskiptum á Íslandi og erlendis, hvað er nýtt og hvað er að hverfa.

Þann 10. Mars 2021 stóð fjarskiptahópurinn fyrir fjarviðburði um Snjallheimilið, sjálfur eða?, viðburðurinn var hugsaður sem innlegg í samtalið um þær leiðir sem færar eru í snjallvæðingu heimila, hvort sé betra að gera hlutina sjálfur eða kaupa turn key lausnir. Fyrirlesarar voru Guðmundur Jóhannsson frá Símanum, Jón Helgason, DIY gaur, Marínó Fannar Pálsson K3 Business Technology Group og Guðmundur Arnar Sigmundsson, Certis.

Þann 8. Desember 2021 stór hópurinn fyrir fjarviðburði sem fékk heitið Framtíð Fjarskipta á Íslandi, sem fjallaði um sölu fjarskiptainnviða og hver framtíðin væri varðandi þær áætlanir. Fyrirlesarar voru Magnús Hauksson, Neyðarlínunni, Heiðar Guðjónsson, Sýn, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir formaður Viðreisnar. Fundarstjóri Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar og hugverkasviðs Samtaka Iðnaðarins.

Eins og alltaf lítur Fjarskiptahópur Ský björtum augum til framtíðar, við sjáum á eftir þeim aðila sem hvað lengst hefur þjónað í stjórn hópsins og kveðjum við hann með þakklæti fyrir samstarfið á liðnum árum. Athygli á og mikilvægi fjarskipta er stöðugt að aukast og kom það mikilvægi bersýnilega í ljós á tímum heimsfaraldurs þar sem ég þori að fullyrða að án öflugra fjarskiptainnviða hefði líf okkar í gegnum faraldurinn tekið mun meiri stakkaskiptum en raunin varð. En eitt af meginmarkmiðum fjarskiptahóps Ský er einmitt að auka athygli og áhuga á fjarskiptum í samfélaginu. Við viljum þakka Arnheiði og öðru starfsfólki Ský samstarfið í vetur og hlökkum til komandi árs.

F.h. stjórnar, Elmar Freyr Torfason.